

Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf. 2025

haldinn á Grand Hótel Reykjavík við Sigtún í Reykjavík þriðjudaginn 26. ágúst 2025, kl. 15.30.

Fundargerð:

Yfirlit yfir mætta hluthafa og umboðsmenn þeirra fylgir með fundargerð þessari.

Dagskrá fundarins var þannig:

1. Setning.
2. Kjör fundarstjóra.
3. Könnun á mætingu hluthafa og umboðsmanna þeirra á fundi.
4. Kjör fundarritara.
5. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi félagsins á árinu 2024.
6. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2024 kynntur og lagður fram til samþykktar.
7. Ákvörðun um meðferð hagnaðar.
8. Ákvörðun um stjórnarlaun og laun endurskoðanda.
9. Kjör stjórnar.
10. Kjör endurskoðanda.
11. Önnur mál.

Setning

Finnur Sveinsson formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundargesti velkomna.

Kjör fundarstjóra

Finnur Sveinsson gerði tillögu um Kristján B. Thorlacius sem fundarstjóra og var hann sjálfkjörinn. Tók hann við stjórn fundar og þakkaði fundarmönnum traustið.

Kjör fundarritara

Fundarstjóri gerði tillögu um Margréti Rós Sigurjónsdóttur sem fundarritara, var hún sjálfkjörinn og tók þegar til starfa.

Könnun á mætingu hluthafa og umboðsmanna þeirra á fundi

Fundarstjóri kannaði mætingu og kom í ljós að mættir voru fulltrúar og umboðsmenn hluthafa fyrir 7 af 20 virkum hluthöfum með 69,395% hlutafjáreign.

Til fundarins var boðað með tölvupósti og bréfi til hluthafa þann 15. ágúst 2025 og var það því gert með nægjanlegum fyrirvara í samræmi við ákvæði 63. gr. ehfl. og ákvæði samþykktu félagsins.

Fundarstjóri úrskurðaði fundinn lögmætan og ályktunarbæran varðandi dagskrármálin og voru ekki gerðar athugasemdir við það af hálfu fundarmanna. Engar tillögur bárust til fundarins innan setts frests.

Fundarstjóri lagði til að fjallað yrði um lið 5, skýrslu stjórnar, og lið 6, ársreikninga félagsins, í einu lagi og var það samþykkt.

Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi liðins árs

Formaður stjórnar Túns flutti skýrslu stjórnar um starfsemi liðins árs, en henni var dreift skriflega til fulltrúa. Meginverkefni Túns voru sem fyrr eftirlit, matsstörf og vottun framleiðslu á grundvelli staðla, laga og reglugerða, svo og innra gæðastarf.

Litlar breytingar urðu á heildarfjölda vottaðra aðila. Innri starfsemi markaðist af óstöðugleika vegna forfalla starfsmanna og breytinga á starfsliði.

Gunnar, fyrrum framkvæmdastjóri, sem hefur verið drifkrafturinn í starfsemi Túns frá upphafi er að minka við sig vinnu og mun láta af störfum fyrir árlsok. Þetta kallar á skipulagsbreytingar.

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2024 kynntur og lagður fram til samþykktar

Formaður stjórnar kynnti ársreikning félagsins, en honum hafði verið dreift skriflega til fulltrúa. Hann útskýrði helstu niðurstöður ársreikningsins. Rekstrartekjur ársins voru rúmar 78 milljónir kr. Rekstrargjöld námu rúnum 77 milljónum. Þegar tekið hefur verið tillit til fjármunatekna, fjármunagjalda og reiknaðs tekjuskatts var tap félagsins kr. 43.748. Lausafjárstaða í árslok var um 8.500.000 kr.

Formaður útskýrir hvernig faggildingu verður háttað á næstu árum eftir að Hugverkastofa hætti að faggilda lífræna vottun á Íslandi. Mast mun bera kostnað við faggildingu í ár og endurfaggildingu á þessu næsta ári – en þó mest 6.000.000. Að þessu tímabili loknu þarf að finna lausn svo að það sé hægt að halda áfram að votta lífræna ræktun á Íslandi.

Faggildingu á öllum vottunum Túns er að ljúka og er búist við því að Tún fái faggildingu frá Swedac í haust.

Í fyrra voru vottunarnefndir í lífrænni ræktun og MSC lagðar niður til að draga úr kosningum þar sem að ekki var krafist af vottunum að hafa vottunarnefndir.

Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning félagsins

Að lokinni kynningu formanns gaf fundarstjóri fundarmönnum tækifæri á að koma með spurningar og athugasemdir varðandi skýrslu stjórnar og ársreikninginn. Engar spurningar vöknúðu hjá fundargestum.

Ársreikningur félagsins vegna ársins 2024 var því næst borinn upp og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

Ákvörðun um meðferð hagnaðar.

Fundarstjóri benti á að samkvæmt ný samþykktum ársreikningi væri tap á starfsemi félagsins á liðnu ári. Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um meðferð hagnaðar og var hún svohljóðandi:

Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns 2025 samþykkir að tap verði fært á óráðstafað eigið fé.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum færi á að tjá sig um þessa tillögu. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var borin undir atkvæði og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Ákvörðun um stjórnarlaun og laun endurskoðanda.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um laun stjórnarmanna og var hún svohljóðandi:

Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns 2025 samþykkir að fyrirkomulag þóknunar stjórnarmanna verði óbreytt og að ekki séu greidd sérstök laun fyrir stjórnarsetu í félaginu.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum færi á að tjá sig um þessa tillögu. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var borin undir atkvæði og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um laun endurskoðanda og var hún svohljóðandi:

Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns 2025 samþykkir að greitt verði eins og verið hefur fyrir vinnu við endurskoðun skv. reikningi endurskoðanda.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum færi á að tjá sig um þessa tillögu. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var borin undir atkvæði og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Kjör stjórnar

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fyrir fundinum lægi tillaga um lista aðalmanna í stjórn: Finnur Sveinsson, Gunnlaugur Kristján Jónsson, Stella Hrönn Jóhannsdóttir,



Guðmundur Ármann Pétursson og Ragnhildur Helga Jónsdóttir. Þar sem ekki hafi borist önnur tillaga um skipan aðalstjórnar teldust ofangreindir menn sjálfkjörnir.

Þá greindi fundarstjóri frá því að fyrir fundinum lægi tillaga um lista varamanna í stjórn: Eygló Björk Ólafsdóttir, Þróstur Sigurðsson, Þórarinn Egill Sveinsson, Þróstur Friðfinnsson og Erla Kristinsdóttir. Þar sem ekki hafi borist önnur tillaga um skipan varastjórnar teldust ofangreindir menn sjálfkjörnir.

Kjör endurskoðanda.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fyrir fundinum lægi svo hljóðandi tillaga:

Stjórn Vottunarstofunnar Túns ehf. leggur til að fyrirtækið Gæðaendurskoðun slf., kt. 620113-0180, Bíldshöfða 14, 110 Reykjavík, verði kjörið endurskoðandi félagsins.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum tækifæri til að taka til máls um kosningu endurskoðanda. Enginn kvaddi sér hljóðs, tillagan var borin undir atkvæði og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Önnur mál.

Gunnlaugur tók til máls og þakkaði formanni fyrir mikilvæg störf á liðnu ári.

Engin önnur mál voru borin fram. Fundarstjóri lagði til að fundurinn feli fundarstjóra og fundarritara að ljúka við gerð fundargerðar og senda hana hluthöfum og stjórn. Var það samþykkt.

Finnur Sveinsson formaður stjórnar þakkaði fundarmönnum mætingu og sleit fundi um kl. 16.06.

Þannig fram farið 26. ágúst 2025.



Kristján B. Thorlacius

fundarstjóri



Margrét Rós Sigurjónsdóttir

fundarritari